



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 26. ágúst 2022

Mál nr. 2021120283

Efni: Viðbótarfjármagn við NPA samning

Fyrir liggur beiðni um viðbótarfjármagn vegna NPA samnings sem er í gildi við ungan mann hér í bæ. Viðkomandi fékk slíkan samning í fyrra og var áður með beingreiðslu samning.

Í dag hljóðar samningurinn uppá kr. 4.960.972.- á mánuði eða samtals 59.531.664.- á ársgrundvelli. Þegar unnið var að gerð fjárhagsáætlunar var ekki vitað um þær breytingar á kjarasamningum sem verið var að vinna að hjá starfsmönnum sem starfa við NPA þjónustu og var því ekki gert ráð fyrir þeirri hækkun í vinnu við fjárhagsáætlunum þessa árs. Þegar samningurinn var endurnýjaður í lok síðasta árs lá fyrir að til hækkunar kæmi vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2022. Var það þá bæði hækkun á taxa og hækkun vegna styttingu vinnuvikunnar. Sveitarfélög sem voru með virka samninga fengu send yfirlit um fyrirhugaðar hækkunar og var þá hækkun á taxa og stytting vinnuvikunnar kynnt. Var áætlað að hækkunin yrði í tveimur skrefum. Fyrst þann 1. Janúar 2022 og svo 1. Maí 2022 en þá tók stytting vinnuvikunnar gildi hjá starfsmönnum sem störfuðu hjá einstaklingum með NPA samninga sem NPA miðstöðin er umsýsluaðili fyrir. Sú breyting hafði þau áhrif að það yrði hækkun úr fyrrgreindri upphæð í kr. 5.292.777.- á mánuði frá 1. Jan – 30. Apríl og svo uppí kr. 5.932.637 frá og með 1. Maí sl.. Samtals gerir þetta hækkun uppá kr. 9.100.540 kr. á ársgrundvelli. Í ljósi þess að viðkomandi aðili er með samning hjá okkur um þjónustustundir sem byggðar eru á mati starfsmanna sveitarfélagsins og notanda er ljóst að fjármagn sem fylgir samningnum dugir ekki til þess að uppfylla gerðan samning og horfir notandi fram á umtalsverða þjónustuskerðingu vegna þess. Því óska ég fyrir hönd velferðarsviðs að fá þetta viðbótarfjármagn samþykkt til þess að við getum staðið við gerða samninga um þjónustustundir við viðkomandi.

Ólafur Garðar Rósinkarsson
Verkefnastjóri í málefnum fatlaðra

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
S
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni